

Stærðfræði haust 2019

Kennarar: Auður Yngvadóttir; Berglind Árnadóttir; Smári Rafn Teitsson

6

Markmið:

Að nemendur:

- Átti sig á notagildi stærðfræði í daglegu lífi og geti beitt ólíkum leiðum og notað hjálpargögn við reikning.
- Þjálfist frekar í reikniaðgerðunum fjórum
- Efli skilning sinn á almennum brotum og geti beitt honum við viðfangsefni í daglegu lífi
- Kynnist gráðum sem mælieiningu fyrir horn og þjálfist í að nota gráðuboga
- Kanni eiginleika þríhyrninga og geti teiknað þá með gefnum stærðum
- Kynnist mismunandi mælieiningum og læri að lesa úr töflum

Námsefni:

Stíka 2a, nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukaverkefni. Margföldunartaflan.

Kennsluaðferðir:

Tímabil	Yfirferð námsefnis	Kennsluaðferðir
Ágúst – september	Tölur og talnareikningur A – 5 vikur 1. lota – 1. kafli Tölur og reikningur. Unnið er könnunarverkefni í lok hvarrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.	Unnið er samkvæmt dæmaskammti úr hverri lotu. Könnun eftir 1. lotu <ul style="list-style-type: none"> • Upprifjun í margföldunartöflunni
September - október	Tölfræði – 3 vikur 2. lota – 2. kafli Líkur. Unnið er könnunarverkefni í lok hvarrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.	Könnun eftir 2. lotu
Nóvember	Tölur og talnareikningur B – 4 vikur. 3. lota – 3. kafli Tugabrot Unnið er könnunarverkefni í lok hvarrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda.	Könnun eftir 3. lotu
Desember - janúar	Rúmfræði A – 4 vikur 4. lota – 4. kafli Rúmfræði	Könnun eftir 4. lotu

Unnið er könnunarverkefni í lok hveffrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.

Námsmat:

Símat, ástundun, vinnubrögð og námsmatsverkefni.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

G.Í. Stærðfræði 6. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Að nemandi geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda
- Að nemandi geti lesið einfaldan fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir

G.Í. Stærðfræði 6. bekkur - Tölur og reikningur

- Að nemandi geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Að nemandi geti notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi
- Að nemandi geti skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota og tugabrota

G.Í. Stærðfræði 6. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Að nemandi geti tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti
- Að nemandi geti rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn

G.Í. Stærðfræði 6. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Að nemandi geti safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- Að nemandi geti reiknað út líkur í einföldum tilvikum